

Miðvikudaginn 17. janúar 1951.

Kærumálið nr. 13/1950.

Magnús Thorlacius

gegn

**Einari Ágústssyni, Kjartani Jónssyni og
Magnúsi Thorberg.**

Setudómarar próf. Ólafur Lárusson
og próf. Ólafur Jóhannesson í stað
hrd. Jónatans Hallvarðssonar og hrd.
Þórðar Eyjólfssonar.

Um rétt lögfræðings til að flytja tiltekið mál sem prófmál fyrir héraðsdómi.

Dómur Hæstaréttar.

Með kæru, dags. 6. desember f. á., sem hingað barst 13. s. m., hefur sóknaraðili skotið til Hæstaréttar úrskurði, uppkveðnum í sjó- og verzlunardómi Reykjavíkur hinn 5. desember 1950, þar sem Einari Ágústssyni cand. jur. er heimilað að flytja af hendi stefndu sem prófmál fyrir héraðsdómi málið Guðmundur Þórðarson og Sigurjón Þórðarson gegn Kjartani Jónssyni og Magnúsi Thorberg. Krefst sóknaraðili þess, að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi og varnaraðiljunum Kjartani Jónssyni og Magnúsi Thorberg verði dæmt að greiða kærumálskostnað. Af hendi varnaraðilja er þess krafizt, að hinn kærði úrskurður verði staðfestur og sóknaraðilja gert að greiða þeim kærumálskostnað.

Framkomu Magnúsar hæstaréttarlögmanns Thorlacius fyrir héraðsdómi verður að skilja þannig, að hann sem lög-giltur málflytjandi andmæli því, að cand. jur. Einari Ágústssyni sé veitt heimild til að flytja framangreint mál fyrir sjó- og verzlunardóminum, og verður að telja, að Magnús Thorlacius sé hér að gæta hagsmuna lögmannastéttarinnar. Var honum þetta heimilt.

Prófdómendur höfðu samkvæmt heimild í 2. mgr. 14. gr. laga nr. 61/1942 kveðið svo á, að ofangreint sjó- og verzlunardómsmál væri á því stigi, er Einar Ágústsson cand. juris tók við flutningi þess, hæft prófmál. Ekki verður séð, að próf-

dómendur hafi með þessari ákvörðun brotið réttarreglur, og átti héraðsdómur því að veita Einari Ágústssyni færi á að flytja málið af hendi stefndu. Ber því að staðfesta hinn kærða úrskurð að niðurstöðu til.

Samkvæmt þessum úrslitum verður að dæma sóknaraðilja til að greiða varnaraðiljum kærúmálskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 150.00.

Dómsorð:

Hinn kærði úrskurður á að vera óraskaður.

Sóknaraðili, Magnús Thorlacius, greiði varnaraðiljum, Einari Ágústssyni, Kjartani Jónssyni og Magnúsi Thorberg, 150 krónur í kærúmálskostnað að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður sjó- og verzlunardóms Reykjavíkur 5. des. 1950.

Mál þetta, sem tekið var til úrskurðar í dag, hafa Guðmundur Þórðarson, Hverfisgötu 58, Hafnarfirði, og Sigurður Þórðarson, Vífilsögðu 21 hér í bæ, höfðað fyrir bæjarþingi Reykjavíkur með stefnum, útgefnum 17. og 26. september 1949, gegn Kjartani Jónssyni, Blönduhlíð 5, og Magnúsi Thorberg, Vestmannaeyjum, til efnda á kaupsamningi, er stefnendur telja, að komizt hafi á milli þeirra og stefndu um vélbátinn Njál, R.E. 99, í janúarmánuði 1949, og málskostnaðargreiðslu.

Stefndu hafa krafizt sýknu af dómkröfum stefnanda og málskostnaðar úr hendi þeirra.

Er flytja átti mál þetta munnlega 30. f. m., mótmælti umboðsmaður stefnenda, Magnús Thorlacius hæstaréttarlögmaður, því, að Einar Ágústsson cand. jur. fengi að flytja málið sem prófmál, en til þess hafði hann fengið leyfi dómnefndar.

Reisir umboðsmaður stefnenda mótmæli sín á því, að annar málflytjandi hafi hingað til haft með höndum allan undirbúning málsins af hendi stefndu, aflað gagna og komið fyrir dóm í sambandi við yfirheyrslu vitna og aðilja. Telur hann leyfi prófnefndar fara í bága við ákvæði 14. gr. laga nr. 61 frá 1942, enda sé og annar háttur hafður á málflutningsprófum fyrir Hæstarétti.

Í greinargerð frá hinum stjórnskipuðu prófdómendum, er dómnum hefur borizt, segir meðal annars svo: „Samkvæmt 3. mgr. 5. gr. laga nr. 61/1942 er lögfræðingi, sem prófraun vill þreyta, óheimilt að fara með mál fyrir dómi í Reykjavík, fyrr en það hefur verið tekið gilt sem prófmál. Undantekningar frá því eru, ef prófmaður er sjálfur aðili máls, lögmaeltur fyrrisvarismaður eða venzlamaður aðilja, sbr. 1. og 2. mgr. 5. gr., fulltrúi

lögmanns, sbr. síðustu mgr. 17. gr., eða í fastri þjónustu félags eða stofnunar, sem er aðili máls, sbr. 21. gr. Nú verður það yfirleitt ekki séð á frumstigi máls, hvort það er eða muni verða hæft prófmál. Lögfræðingur, sem ekki nýtur góðs af einhverju fyrrgreindra undantekningarákvæða, á þess því yfirleitt ekki kost að fara með málið á undirbúningsstigum þess. Sá skilningur hæstaréttarlögmannsins, að óheimilt sé að taka mál gilt sem prófmál, nema að prófmaður hafi farið með málið frá öndverðu, fær því ekki staðizt. Hins vegar hefur að sjálfsögðu við úrlausn þess, hvort prófmaður hafi staðizt prófraunina, jafnan verið metið ásamt munnlegum flutningi málsins, hvort kröfugerð og gagnaöflun í heild hafi verið fullnægjandi. Hefur og prófmaður oft orðið að afla framhaldsgagna, svo sem vitnaskýrslna og aðiljaskýrslna, þó að annar málflytjandi hafi áður um málið fjallað. Þessi háttur um prófin, sem prófnefnd telur óhjákvæmilegan, eins og lögin eru úr garði gerð, hefur verið hafður, frá því að prófraunir hófust fyrir næstum 14 árum. Hefur þetta verið alkunna með lögmannastéttinni, enda hefur mikill hluti núverandi lögmannna leyst próf sín af hendi með þessum hætti, og aðrir verið prófmönnum innan handar um útvegum mála til flutnings. Hefur enginn lögmaður hreyft andmælum gegn þessu við prófnefndarmennina fyrir en nú.

Út af samanburði hæstaréttarlögmannsins á prófraunum í Hæstarétti og fyrir héraðsdómi þykir prófnefnd rétt að taka þetta fram: Fram til ársins 1949 var þess ekki krafizt í Hæstarétti, að prófmaður hefði sjálfur annazt flutning málsins í héraði. Próf hæstaréttarlögmannna gátu þá verið hliðstæð því, sem nú er í héraði, þ. e. fólgin í flutningi tveggja ræðna fyrir Hæstarétti, auk þess sem metið var við úrlausnina, hvort kröfugerð og gagnasöfnun væri fullnægjandi, enda þótt annar málflytjandi en prófmaður hefði þar um fjallað. Þessu breytti Hæstiréttur frá ársbyrjun 1949, og hefur þess síðan verið krafizt, að prófmaður hafi sjálfur flutt málið í héraði. Samsvarandi hátt hefur prófnefndin ekki tekið upp við próf héraðsdómslögmannna, enda væri það oft óframkvæmanlegt, eins og fyrir segir. Prófnefndin telur það hins vegar æskilegt, að prófmenn, sem ekki eiga þess kost að flytja sjálfir mál frá öndverðu samkvæmt einhverju framangreindra undantekningarákvæða laganna, afli sér prófmála, ef unnt er, áður en gagnasöfnun er lokið, en eftir að mál er svo á veg komið, að unnt sé fyrir prófnefnd að meta, hvort það sé hæft prófmál.

Samkvæmt framanskráðu telur prófnefnd andmæli Magnúsar Thorlacius hæstaréttarlögmanns gegn því, að Einar Ágústsson, cand. jur. flytji mál þetta, ekki hafa við rétt rök að styðjast.“

Með vísun til þess, sem tekið er fram í greinargerð prófdómenda, verður ekki fallizt á andmæli umboðsmanns stefnenda gegn því, að Einar Ágústsson cand. jur. flytji mál þetta sem prófmál, enda verður heldur ekki séð, að umboðsmaður stefnenda eigi aðild þess að bera andmælin fram, sbr. 7. gr. laga nr. 61 frá 1942.

Einar Arnalds borgardómari kvað upp úrskurð þenna ásamt meðdómsmönnum Jónasi Jónassyni og Jóni Kristóferssyni skipstjórum.

Því úrskurðast:

Einari Ágústssyni cand. jur. er heimilt að flytja mál þetta sem prófmál.

Miðvikudaginn 17. janúar 1951.

Nr. 158/1949. **Fjármálaráðherra f. h. ríkissjóðs**

(Einar B. Guðmundsson)

gegn

Theódór B. Líndal f. h. Jörgen Jahre

(Theódór B. Líndal).

Setudómari próf. Ólafur Lárusson
í stað hrd. Jónatans Hallvarðssonar.

Talið, að bindandi samningur um sölu skips hefði verið gerður.
Vanefndir. Skaðabætur.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi hefur skotið máli þessu til Hæstaréttar með stefnu, dags. 30. nóv. 1949, og gert þær réttarkröfur, að hinum áfrýjaða dómi verði hrundið og breytt á þá leið, að hann verði sýknaður af kröfum stefnda og að stefndi verði dæmdur til að greiða honum málskostnað í héraði og fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi, sem ekki hefur gagnáfrýjað málinu, krefst þess, að hinn áfrýjaði dómur verði staðfestur og áfrýjandi dæmdur til að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti að skaðlausu eftir mati dómsins.

Samkvæmt ástæðum hins áfrýjaða dóms ber að staðfesta hann.

Eftir þessum úrslitum ber að dæma áfrýjanda til að greiða stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, kr. 3500.00.

Dómsorð:

Hinum áfrýjaða dómi skal óraskað.